



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 141/1238
komudagur 14.1.2013

Nefndarsvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14.01.2013
Tilvísun: 201212-0040

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, með síðari breytingum. 502. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 99/2010 sem varða ívilnanir til nýfjárfestinga. Í fyrsta lagi snúa breytingarnar að því að afnema heimildir til beins fjárstuðnings til verkefna. Í öðru lagi snúa breytingar að því að rýmka heimildir til ívilnana í fjórum liðum.

Efnahagshrunið kom meðal annars fram í harkalegri aðlögun heimila í átt að lakari kaupmætti en ekki síst í gífurlegum samdrætti fjárfestingar, á öllum sviðum. Sá vandi er ekki einungis bundinn við Ísland en órói og óvissa í Evrópu og hagkerfi heimsins hafa dregið úr væntingum og skilyrði fyrir fjárfestingu versnað.

Alþýðusambandið leggur áherslu á skilvirkt ferli við nýfjárfestingu og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í 1. gr. Þörf er á hagvexti drifnum áfram í meira mæli af fjárfestingu og styður Alþýðusambandið fyrirbyggjandi breytingar á núgildandi lögum og telur að þær komi til með að styrkja samkeppnisstöðu Íslands og skapa betri grundvöll fyrir nýfjárfestingu hérlendis.

Virðingarfyllst,
Róbert Farestveit
Hagfræðingur hjá ASÍ,